

Borgarráð

Tillaga um aukningu á félagslegu húsnæði

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík, í samræmi við samþykkt velferðarráðs og húsnæðisáætlun borgarinnar. Að höfðu samráði við velferðarsvið og umhverfis- og skipulagssvið skal skrifstofan gera tillögur til borgarráðs um að taka húsnæði á leigu í þrjú til fimm ár. Ennfremur að kaupa húsnæði til að nota um lengri eða skemmri tíma sem félagslegt húsnæði. Þegar ekki verður lengur not fyrir það má selja það aftur, byggja nýtt í kjölfar breytinga á skipulagi eða breyta húsnæði til annarra nota. Þessu húsnæði verður úthlutað til umsækjenda af biðlistum eftir félagslegu húsnæði. Um verður að ræða tímabundna lausn þar til viðkomandi einstaklingar og fjölskyldur fá úthlutað húsnæði á vegum Félagsbústaða Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 ásamt tillögum í húsnæðismálum og var áætlunin sett fram til að mæta áskorunum á húsnæðismarkaðnum og markmiðum Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum. Húsnæðisáætlunin byggir á stefnumörkun Reykjavíkurborgar á sviði húsnæðismála og á lagaumgjörð og greiningum á stöðu á markaðnum. Í henni eru skilgreind helstu byggingarsvæði í Reykjavík og hvernig uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þágu borgarbúa verður háttað í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, húsnæðissamvinnufélög, samtök eldri borgara, stúdenta og einkaaðila. Reykjavíkurborg hefur með samningsmarkmiðum sínum um þéttingu byggðar gert samninga um kaup á um 220 íbúðum fyrir Félagsbústaði og eru fleiri samningar í farvatninu. Þá má gera ráð fyrir að Félagsbústöðum takist að kaupa íbúðir á almennum markaði þegar framboð eykst í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar og uppbyggingarsvæðum fjölgar. Langmesta eftirspurnin er eftir litlum íbúðum en framboð af þeim hefur verið minna á almennum markaði en stærri íbúðum. Í dag eiga Félagsbústaðir um 10% af öllum 2 herbergja íbúðum í Reykjavík. Á næstu fimm árum mun íbúðum Félagsbústaða því að öllum líkindum fjölga um 500 til 700 íbúðir. Heildarfjöldi íbúða í eigu Félagsbústaða er nú um 2400 íbúðir og yrðu því eftir fjölgun á bilinu 2900 til 3100. Þá hefur Reykjavíkurborg gert samninga við Bjarg húsnæðisfélag um uppbyggingu á 1000 íbúðum fyrir tekjulága hópa, um uppbyggingu stúdentaíbúða, fyrir félög eldri borgara, Búseta og fleiri uppbyggingaraðila.

Til að brúa það bil, sem það tekur að byggja umræddar íbúðir Félagsbústaða og kaupa fleiri íbúðir, er því lagt til að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að leita tímabundinna lausna á húsnæðisvanda þeirra sem eru á biðlistum, í samræmi við tillögur velferðarráðs frá 18. ágúst síðastliðnum. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og velferðarsvið munu hafa náðið samstarf um þær lausnir sem bjóðast áður en samningar eru gerðir og auk þess hafa náðið samráð við

skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa varðandi t.d. breytingar á húsnæði. Velferðarsvið mun síðan úthluta þeim íbúðum sem samningar verða gerðir um og munu leigugreiðslur íbúa verða í samræmi við gjaldskrá Félagsbústaða. Í kjölfarið er svo gert ráð fyrir að þeir notendur sem ennþá þurfi á félagslegu húsnæði að halda, fái íbúð hjá Félagsbústöðum. Velferðarsvið mun móta nánari úthlutunarreglur vegna þessara tímabundnu húsnæðisúrræða.

Sigurður Björn Blöndal
e.u.